



Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Norðurbings 2010-2030 vegna stækkunar sorpförgunarsvæðis norðan Kópaskers.

Forsendur

Áformað er að stækka sorpförgunarsvæði í landi Snartarstaða II norðan Kópaskers úr 2,6 ha í um 28 ha. Deiliskipulagið er unnið vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn en starfsleyfi fyrir meðhöndlun á allt að 500 tonn um ári af neyslu- og rekstrarúrgangi rann út í desember 2012. Fyrirhugað er að nýta svæðið til að urða úrgang frá dreifbýli Norðurbings, fyrrum Öxarfjarðarhreppi, Kelduneshreppi og Raufarhafnarhreppi. Að öðrum kosti þurfi að flytja úrganginn um langan veg til næsta urðunarstaðar sem getur þjónustað svæðið. Gert er ráð fyrir nýtingu á svæðinu til næstu 30 ára, eða til ársins 2043.

Stækkun sorpförgunarsvæðisins er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem unnið er að fyrir Sorpsamlag Þingeyinga samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Þegar aðalskipulagið var samþykkt 2010 var sorpförgunarsvæðið merkt inn með punkttákni á skipulagsupprátt og í greinargerð kom fram að svæðið væri 2,6 ha. Sú stærð er ekki í samræmi við heildarathafnasvæði urðunarstaðarins eins og honum var lýst í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sem liggur fyrir frá 1998. Þá sagði í úrskurðarorðum Skipulagsstofnunar fyrir umhverfismatið: "Athafnasvæðið verður um 32 ha og mun skiptast upp í gámasvæði, urðunarsvæði fyrir neysluúrgang, urðunarsvæði fyrir lífrænan úrgang og geymslu fyrir brotajám. Urðun mun fara fram í flugbrautinni sem er um 1100 m að lengd og um 60 m breið, alls um 6 ha." Breytingin nú er því leiðrétting á umfangi sorpförgunarsvæðisins sem verður nú stækkað í samræmi við umhverfismatið. Heildasvæði sorpförgunar er því stækkað úr 2,6 ha í 28 ha (3 ha minna en í umhverfismatinu).

Gert er ráð fyrir að hluti sorpförgunarsvæðisins verði notaður til urðunar, hluti fyrir byggingar og athafnasvæði og hluta svæðisins sé óræðstafað sem gefur svigrún til að stækka urðunarsvæðið síðar ef þörf er á. Nánar er kveðið á um skipulag sorpförgunarsvæðisins í deiliskipulagi.

Sorpförgunarsvæðið er í um 20 m hæð yfir sjó á gróðurvana melum þar sem áður var flugvöllur um 2 km norðaustan Kópaskers. Svæðið er flatt en Snartarstaðalækur sem rennur frá Leirhafnarfjöllum rennur skammt frá svæðinu. Fjarlægð frá sorpförgunarsvæðinu að næsta íbúðarhúsi er um 1900 m en það eru hús á Snartarstöðum II og hús á Kópaskeri. Vestarlega á svæðinu er skotæfingasvæði, merkt O12 á aðalskipulagsupprætti. Umhverfis svæðið er landbúnaðarland.

Urðunarstaðurinn hefur verið nýttur fyrir almennan úrgang í 10 ár og sláturúrgang í 14 ár. Í væntanlegri endurnýjun á starfsleyfi er áformað að urða þar allt að 500 tonn á ári til ársins 2043.

Aðalskipulagstillagan verður auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagsbreytingu.

Tillaga að breytingu

Lagt er til að neðangreindar breytingar verði gerðar á Aðalskipulagi Norðurbings 2010-2030 á sveitarfélagsupprætti og 23. kafla skipulagsgreinargerðar um skipulag dreifbýlis:

- 1. Við töflu í kafla 23.15 um sorpförgunarsvæði breytist stærð sorpförgunarsvæðis S1 úr 2,6 ha og verður 28 ha. Annað er óbreytt í töflunni.

Nr. svæðis	Stærð (ha)	Forsendur	Skipulagsákvæði
S1	28	Snartarstaðir II, sunnan við Sandhaug, vestur að Viðarás, norðan Kópaskers. Urðunarstaður fyrir fyrrum Öxarfjarðarhrepp og Raufarhafnarhrepp.	Vísad er til starfsleyfis, útg. 20.12.2002, fyrir meðhöndlun allt að 500 tonna á ári á neyslu- og rekstrarúrgangi (www.ust.is). Heimilt er að taka á móti allt að 15.000 tonn um ári starfstíma urðunarstaðarins. Starfsleyfið gildir til 1.12.2012 en reiknað er með að svæðið geti nýst út skipulagstímabilið.

- 2. Sveitarfélagsupprætti er breytt þannig að sorpurðunarsvæðið er afmarkað.

Umhverfisskýrsla

Þar sem áætlað er að urða minna en 500 tonn af úrgangi á ári á urðunarstaðnum er framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000, viðauka 1. Tillagan er hins vegar tilkynningarskyld skv. tölulíð 11. b. í 2. viðauka laganna.

Í deiliskipulagstillögu, sem lögð er fram samhliða þessari breytingu á aðalskipulagi, er gert ráð fyrir því að urðunarsvæðið innan sorpförgunarsvæðisins verði stækkað úr 6 ha sem voru til umfjöllunar í umhverfismati frá árinu 1998, í 9,6 ha. Viðbótin nefnist í deiliskipulagstillögunni svæði 2 og er utan flugbrautar. Áður en farið er að urða þar þarf að gera um það tilkynningu til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar hvort að stækkunin er háð umhverfismati framkvæmda sem væri þá gert á grunni samþykks deili- og aðalskipulags.

Í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006 er hér sett fram umhverfisskýrsla sem gerir grein fyrir mati á áhrifum tillögunnar. Skýrslan er byggð upp eftir liðum a – j í 6 gr. laganna þar sem kemur fram hvað skuli koma fram í umhverfisskýrslu.

Tengsl við aðra áætlunargerð (a-liður)

Skipulagsverkefnið er í samræmi við deiliskipulag sem unnið er að fyrir urðunarstaðinn. Skipulags og matslýsing fyrir deiliskipulagið var kynnt á vef Norðurbings í desember 2012 og er áformað að auglýsa þessa tillögu að aðalskipulagsbreytingu með tillögu að deiliskipulagi.

Aðalskipulagið tekur mið af landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 sem gefin er út af Umhverfisstofnun.

Umhverfisvandamál sem varða áætlunina (d-liður)

Urðun innan sorpförgunarsvæðisins getur haft neikvæð áhrif á grunnvatn vegna sigvatns frá urðunarstað, fugl getur sótt í urðunarsvæðið og breyting verður á landi.

Umhverfisverndarmarkmið (e-liður)

Stefna aðalskipulagsins er að flokkun og endurnýting heimilissorps verði gerð aðgengilegri fyrir íbúa, m.a. með staðsetningu gámasvæða í dreifbýli. Þá er stefnt að því að urðunarstaðir verði áfram þar sem þeir eru og skoðaðir verði möguleikar á gasvinnslu úr eldri urðunarsvæðum.

Umhverfisþættir sem varða breytinguna (b- og c- liður) og mat á líklegum umhverfisáhrifum (f- og h- liður)

Í umhverfismati aðalskipulags Norðurbings 2010-2030 voru metin áhrif skipulagsáætlunarinnar á eftirtalda umhverfisþætti: samfélag, land, loft, vatn, vistkerfi, minjar og landslag. Þar var stefna aðalskipulagsins um sorpförgunarsvæði í heild talin geta haft almennt jákvæð áhrif á samfélag, vistkerfi og lýðheilsu en staðbundin neikvæð áhrif á land, vatn og gróður. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu breytir ekki þeirri niðurstöðu.

Vísad er til deiliskipulags um frekari umfjöllun, þar sem stefna aðalskipulagsins er útfærð nánar. Í deiliskipulagstillögu er m.a. lagt til að gripið verði til mótvægisáðgerða og vöktunar til að draga úr mögulegum áhrifum á ásynð, fok, lykt, gróður, grunnvatn, fuglalíf og gasmyndun. Lítil áhrif eru talin á að sigvatn geti mengað vatnsból Kópaskers sem eru í 6 km fjarlægð eða nálægur tjarnir sem eru 1 km vestan við svæðið. Talið er að urðunarstaðurinn geti haft talsvert neikvæð áhrif á grunnvatn næst honum en þar er engin nýting á vatninu og þegar komið er lengra frá eru áhrifin óveruleg.

Mótvægisáðgerðir og vöktun (g- og i- liður)

Stefna aðalskipulagsins getur haft staðbundin neikvæð áhrif á land, vatn og gróður en umfang áhrifanna fara eftir útfærslu og fyrirkomulagi sorpförgunarsvæðisins. Um nánari umfjöllun er vísad í deiliskipulagstillögu fyrir sorpförgunarsvæðið þar sem stefna aðalskipulagsins útfærð nánar. Þar er kveðið á um vöktun og mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum urðunar og annarrar starfsemi á sorpförgunarsvæðinu miðað við væntanlega útfærslu og fyrirkomulag innan svæðisins. Til glöggvunar er hér samantekt á þeim áðgerðum úr deiliskipulagstillögunni:

- Áfram verður stuðlað að flokkun úrgangs, endurnýtingu og endurvinnslu eins og kostur er.
- Þess verður gætt að á urðunarstaðinn berist ekki úrgangur sem inniheldur spilliefni eða annan úrgang með hættulegum efnum s.s. olíu eða þungmálma.
- Til greina kemur að koma fyrir tímabundnum jarðvegsmönnum til að mynda skjól vegna foks og draga úr sýnileika urðunar á rekstrartíma.
- Gætt verður að því að urða ekki lífrænan úrgang þegar vindátt stendur á nærliggjandi byggð til að hafa áhrif á loftgæði vegna lyktar.
- Gengið verður frá lokuðum urðunarreinum með ræktun gróðurs sem hæfir nágrenni staðarins
- Komið verður í veg fyrir fok á starfstíma með girðingum, reglubundnum þrifum og mögulega með tímabundnum mönnum sem einnig hefðu áhrif á ásynð
- Dregið verður úr því að fugl sæki í urðunarsvæðið með daglegri hulu jarðvegs á úrganginn og öðrum lausnum ef þurfa þykir.
- Vöktun verður í Snartarstaðalæk og komið upp þremur grunnvatnsbrunnnum umhverfis urðunarsvæðið til að mæla grunnvatnshæð og taka sýni.
- Möguleikar verða til vöktunar á gasmyndun í mælirörum sem eru til staðar í eldri urðunarrein.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. Gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

sveitarstjórn Norðurbings þann _____


Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____


Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og Landmælingar Íslands
Hnitakerfi: Lambert
Hnattstaða: ISN93
Sýndar eru 20 m hæðarlínur

Blaðstærð A2
Dags: 01.10.2013
Verknúmer: 959


Alta ehf.
Ármúli 32, 108 Reykjavík
alta@alta.is www.alta.is



Yfirlitsmynd



Staðfest aðalskipulag m.s.br. 27.06.2012
Sveitarfélagsuppráttur
Mkv. 1:100.000



Tillaga að breytingu, 1.október 2013.
Mkv. 1:100.000